

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta

The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 22. nóv 2021

Áhrif heimsfaraldursins á skólastarf

COVID-19 hefur aldrei ríkt meira á Íslandi en núna. Síðustu daga hafa meira en 100 manns greinst með veiruna daglega. Með auknum Covid-19 smitum hefur smithætta aukist verulega í samfélaginu, þar á meðal innan stúdentahópsins.

Síðan mars 2020 hefur LÍS verið til taks í hagsmunabaráttu stúdenta vegna COVID-19. Samtökin hafa birt fjölda yfirlýsinga og ályktana í sambandi við helstu málefni þessa málaflokks, eins og [rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta](#) og [mikilvægi þess að taka tillit til stúdenta í áhættu- og annars konar hópum](#). LÍS hefur einnig komið að [könnunum](#) og [starfshópum](#).

LÍS vill ítreka mikilvægi þess að háskólarnir axli samfélagslega ábyrgð með því að fylgja sóttvarnarreglum. Fjarlægðar- og fjöldatakmörkanir sem og grímuskylda skulu vera gildandi í öllum háskólum með því markmiði að stöðva útbreiðslu veirunnar. Öryggi stúdenta og starfsfólks skal vera tryggt í hvívetna.

Enn fremur skal aðgengi að námi ávallt vera til staðar, jafnvel á tímum sem þessum. Öll sem vilja sækja sér háskólamenntun skulu eiga jafnan rétt til þess óháð búsetu, fötlun, veikindum, efnahagslegri stöðu og félagslegri stöðu að öðru leyti. Svo að aðgengi að námi verði styrkt skal fjölbreyttu námsmati vera beitt (t.d. heimapróf, lokaverkefni, o.s.frv.).

Þó svo að staða mála sé ekki góð er LÍS með bjarta framtíðarsýn. Ef háskólar, stúdentar og ráðuneytin vinna vel saman, með markvissum markmiðum þá trúum við því að þetta endi á góðan hátt.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Handwritten signature of Derek Terrell Allen. The name "DEREK" is written in large, bold, capital letters. Below it, "T." is written in smaller capital letters. At the bottom, the surname "Allen" is written in a cursive script.

Derek Terrell Allen, forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta